



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

54. tölublað 6. árgangur apríl 2017 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

náms **A**hugi-þ **R**autseigja- **S**amvinna-lei **K**ur-útisk **O**li- **G**leði- **U**mhyggja-vi **R**öðing

Vissir þú að....

Sorpkvarnir eru ekki umhverfisvænar á Íslandi. Betra er að nýta lífrænt efni sem til fellur í moltugerð eða reyna að búa til eldsneyti.

Lykilspurningar

Hvað vilt þú?

Hvernig get ég hjálpað þér?



Hvaða val hefur þú?

Hverju vilt þú breyta?



Hvernig viltu að þér líði?



Að hverju stefnir þú?

Hvað vilt þú að gerist næst?

Hvað er mikilvægt fyrir þig?



Ef þú gæti breytt einhverju, hverju myndir þú þá breyta?



Kæra skólasamfélag

Gott fólk! Mars kvaddi heldur betur eftirminnilega með glæsilegri árshátíð. Allir stóðu sig virkilega vel og getum við verið stolt af þessum flottu börnum okkar. En nú er apríl mættur bjartur og fagur með páskafríi, skólapingi og fleiru skemmtilegu. Í byrjun mánaðarins ætlum við að halda uppá dag barnabókarinnar sem er 2. apríl. Börnin mega þá mæta þann 3. apríl með bók að heiman. Bækurnar verða skoðaðar og jafnvel lesið í þeim nokkrum.





Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.




Sundkennsla

Sundkennsla grunnskólastigs hefst 18. apríl og þá þurfa allir að mæta með sundfatnað, hettu og gleraugu og annað sem tilheyrir. Árgangur 2011 fylgir grunnskólastigi. Leikskólastig mun einnig skella sér í sundkennslu þegar veður leyfir og það verður auglýst síðar í tölvupósti.



Hljóðvist tengd grænfána

Góð hljóðvist skiptir miklu máli þegar kemur að vellíðan hjá börnum og starfsfólki. Við í Árskógar skóla leggjum okkur fram um að bæta hljóðvist svo öllum líði vel saman. En hljóðvist er einn undirþáttur í lýðheilsu sem skólar á grænni grein vinna með.



Dæmi sem við höfum gert hér í Árskógar skóla er meðal annars að setja tennisbolta undir stóla í félagsheimili, þéttilista á hurðir, undirlag og dúka á ákveðin borð, leikfangakassar fóðraðir, fjarlægja leikföng sem gefa frá sér hávaða, nemendum er skipt upp á minni svæði, gluggatjöld sem dempa hljóð, ræða við börn um mikilvægi raddar og hvernig á að passa röddina sína.

Skólalæping Sköpun

Víkuna 24.-28. apríl verður þemavika um sköpun sem við ætlum síðan að ljúka með skólalæpingi þar sem foreldrum er sérstaklega boðið að koma og vera með okkur föstudaginn 28. apríl kl. 12:30-13:30 á bókasafninu.

Börnin eru þegar búin að vinna fullt í þessu þema enda nýafstaðin árshátíð þar sem gleði og sköpun var í fyrirrúmi. Hins vegar eru margar og ólíkar leiðir í boði þegar vinna á með sköpun. En þá getur maður spurt sig hvað er sköpun? Sköpun getur verið svo ótal margt en í Aðalnámskrá leikskóla stendur meðal annars: *Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Sköpun er að sjá fyrir það óorðna og framkvæma það. Sköpun byggist á forvitni, áskorun, spennu og leit. Glíman við viðfangsefnið og það að finna lausn getur verið umbun sköpunarinnar í sjálfu sér. Sköpun brýtur hefðbundin mynstur, reglur og kerfi og veitir nýja sýn á fyrribæri og viðteknar hugmyndir. En jafnframt má lesa þar að þótt sköpun í almennum skilningi sé vissulega nátengd listum og listnámi er sköpun sem grunnþáttur ekki bundin við listgreinar fremur en aðrar námsgreinar og náms svið. Sköpun sem grunnþáttur skal stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólaskarfi. Því verður virkilega gaman að sjá hvaða leiðir börnin velja að fara í þessari skemmtilegu vinnu sem framundan er.*



Hagnýtar upplýsingar

Árskógar skóli er opinn alla virka daga frá 8-16.

Aðalnúmer 460-4970, Kötlukot 460-4973,
skólastjóri 460-4971, eldhús 460-4979

[Skóladagatal 2016-2017](#) svo allt sé á hreinu!

Heimasíða skólans: <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>

Við erum á facebook: <https://www.facebook.com/arskogarskoli/>

Netfang: arskogarskoli@dalvikurbyggd.is



námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Viðburðadagatal apríl 2017

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur **Laugardagur** **Sunnudagur**

						
					1 Ingibjörg J. 9 ára 	2 Dagur barna- bókarinnar
3 Bókadagur 	4	5	6	7	8	9
10 Grunnskólastig páskafri Kötlukot opið	11 Grunnskólastig páskafri Kötlukot opið	12 Grunnskólastig páskafri Kötlukot opið	13 Skírdagur lokað	14 Föstudagurinn langi lokað	15	16 Páskadagur 
17 Annar í páskum Lokað	18 Sundkennsla hefst á ný 	19	20 Sumardagurinn fyrsti Lokað 	21	22	23
24 Þemavika Sköpun	25 Þemavika Sköpun	26 Þemavika Sköpun	27 Þemavika Sköpun	28 Skólaþing Sköpun kl. 12:30	29	30